

VEFSLÓÐIR MEÐ FREKARI UPPLÝSINGUM

Upplýsingar um flest það sem tengist viðurkenningu á erlendum starfsréttindum
<http://europass.is/page/Vidurkenning>

Lög nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi
<http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.026.html>

Reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi nr. 879/2010
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=878cbb7d-92a3-40fa-9c4a-a165c6c5888c>

Reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=85fc63e7-984d-4fb5-be71-7534dba327e0>

Reglugerð um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi
<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=178a3724-506f-46ef-8f78-504f79d34d97>

Vefur Europass á Íslandi: <http://www.europass.is/>

Vefur mennta- og menningarmálaráðuneytis: <http://www.menntamalaraduneyti.is/>

Vefur iðnaðarráðuneytis: <http://www.idnadarraduneyti.is/>

Vefur landlækniseimbættis: <http://www.landlaeknir.is/>

Vefur stjórnarskrifstofu ESB um innri markaðinn (professional qualifications):
http://ec.europa.eu/internal_market/qualifications/index_en.htm

Á síðastnefnda vefnum má finna tilvitnaða tilskipun, ásamt ítarefni svo sem „Code of Conduct“ sem leggur línurnar um hvaða málsmeðferð telst viðunandi og hver ekki.



Þetta verkefni er styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.
Útgáfa þessi endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og Framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

VIÐURKENNING Á ERLENDRI STARFSMENNTUN



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



VIÐURKENNING Á ERLENDRI STARFSMENNTUN

Einstaklingar með starfsmenntun erlendis frá geta óskað eftir að fá hana viðurkennda hér á landi. Viðurkenningin nær eingöngu til starfa sem eru lögbundin hér á landi, en lögbundið telst hvert það starf sem sérstakt leyfi lögbærs stjórnvalds þarf til að stunda. Upplýsingar um hvaða stjórnvald fer með viðurkenningu á erlendri starfsmenntun eða útgáfu leyfisbréfa á sviði lögbundinna starfsgreina er að finna á vef Europass, www.europass.is, undir fyrirsögninni *Viðurkenning á námi – Hvaða störf eru lögbundin á Íslandi?*

Sem dæmi um stjórnvöld er veita viðurkenningu eða annast útgáfu leyfisbréfa má nefna:

- Landlæknisembættið fyrir fólk í heilbrigðisstéttum
- Iðnaðarráðuneytið fyrir fólk með tæknimenntun á háskólastigi
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið fyrir kennara

Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir upplýsingar um viðurkenningu erlendra starfsmenntunar. Fyrirspurn má senda ráðuneytinu á heimilisfangið Sölvhólgata 4, 150 Reykjavík, í síma 545 9500 eða í tölvupósti á postur@mrn.is.

Um viðurkenningu starfsmenntunar þegna frá EES-ríkjum gilda lög nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi sbr. reglugerð með sama heiti nr. 879/2010. Um viðurkenningu á menntun heilbrigðisstétta gildir, auk fyrrnefndra laga og reglugerðar, reglugerð nr. 461/2011. Viðurkenning á menntun og starfsreynslu erlendra iðnaðarmanna fer eftir reglugerð 585/2011. Lög nr. 26/2010 og tilvitnaðar reglugerðir innleiða tilskipun ESB 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Miðað er við að afgreiðsla umsóknar um viðurkenningu erlendra starfsmenntunar taki ekki meira en 3 mánuði, en hún getur í flóknum tilvikum tekið 4 mánuði.

Berist umsókn um viðurkenningu á erlendri starfsmenntun frá einstaklingi sem kemur frá ríki utan EES-svæðisins getur málsmeðferð verið frábrugðin því sem ofangreindar reglugerðir mæla fyrir um.

HVAÐA GÖGN ÞURFA UMSÆKJENDUR AÐ LEGGJA FRAM?

Mismunandi er hvaða upplýsingar lögbær stjórnvöld hérlendis fara fram á að fylgi umsóknum um viðurkenningu eða útgáfu leyfisbréfs. Alla jafna er þó miðað við að umsækjendur leggi fram prófskírteini á frummáli, þýðingu á prófskírteini á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, leyfisbréf frá heimalandinu þegar svo ber undir og loks staðfestar upplýsingar um starfsreynslu, t.d. vinnuvottorð frá fyrirtæki eða stofnun.